

REGLUR

fyrir félagsheimilið Heimaland í Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Heimaland. Eigendur eru þessir:
Vestur-Eyjafjallahreppur 91%.
Ungmennafélagið Trausti 6%.
Kvenfélagið Eygló 3%.

2. gr.

Hússtjórn, skipuð 5 mönnum fer með stjórn félagsheimilisins. Hún er þannig skipuð: Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps kýs 3 menn, einn þeirra formann hússtjórnar og annan varaformann, Umf. Trausti kýs 1 mann og Kvenfélagið Eygló 1 mann. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Kjörtími hússtjórnar er 2 ár. Formaður sér um reikningshald og fjárreiður og leggur endurskoðaða reikninga og fjárhagsáætlun fyrir aðalfund eigendaneftndar ár hvert. Hússtjórn heldur gerðabók um störf sín.

3. gr.

Umf. Trausta og Kvenfélaginu Eygló er ekki skylt að taka þátt í að greiða halla sem af rekstri félagsheimilisins kynni að verða. Eigi má efna til meiriháttar útgjalda nema samþykkt hafi verið af hreppsnefnd. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikningar félagsheimilisins skulu lagðir fram endurskoðaðir fyrir 1. mars ár hvert.

Endurskoðendur hreppsreikninga eru jafnframt endurskoðendur reikninga félagsheimilisins.

4. gr.

Leiga fyrir afnot af félagsheimilinu skal ákveðin svo há að hallarekstur verði ekki mikill, og ekki lægri en gerist í félagsheimilum í næsta nágrenni.

5. gr.

Hússtjórn heldur fund er þurfa þykir. Skylt er að halda fund ef 2 hússtjórnarmenn æskja þess.

Aðalverkefni hússtjórnar eru:

- a) að ráða húsvörð, sé þess þörf að dómi eigendaneftndar; setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt.
- b) að ráða annað starfsfólk sé þess þörf. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks sem á að vinna undir hans stjórn.
- c) að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
- d) að ákveða gjöld fyrir afnot hússins og gjaldskrá fyrir félagheimilið og taka skal sérstakt tillit til þeirra félaga sem í Vestur-Eyjafjallahreppi starfa.
- e) að annast kaup á nauðsynlegum tækjum og áhöldum.
- f) að sjá um viðhald og endurbætur húseigna, húsbúnaðar og áhaldar.
- g) að sjá um að hreingerning félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ítrasta hreinlætis í samræmi við heilbrigðisreglugerðir.
- h) að sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst.

- i) að sjá um að löggæsla sé á samkomum sé þess þörf.
- j) að sjá um að öll starfsemi er horfir til menningarauka og framfara sitji í fyrirrúmi þegar húsinu er ráðstafað til afnota.
- k) að sjá um að öll starfsemi sem fram fer í félagsheimilinu brjóti ekki í bága við gildandi lög og reglugerðir um félagsheimili. Húsnefnd er heimilt að krefjast þess af leigutaka að hann auglýsi verð aðgöngumiða.
- l) að gæta þess að húseignir, áhöld, búnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

6. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot af húsinu. Ef eigi brýtur í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið er þeim skylt að heimila félögum þeim er greinir frá í 1. grein laga um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi. Verði ágreiningur um hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu sker menntamálaráðuneytið úr.

7. gr.

Þegar félagsheimilið er í notkun skal ávallt vera til staðar gæslumaður sem hússtjórn samþykkir. Skal hann ef húsvörður er ekki viðstaddur er notkun lýkur slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, koma áhöldum og húsbúnaði á sinn stað, koma óskilamunum í vörslu og loka vel gluggum og hurðum.

8. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum, ennfremur að notkun hans fari eftir lögum um íslenska fánann.

9. gr.

Árlega skal hússtjórn athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Auk þess sé þess gætt að sem flestar skemmdir á húsi og munum séu lagfærðar jafnóðum svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrtimennska.

10. gr.

Hússtjórn skal sjá um að skemmdir á húseign, áhöldum og búnaði umfram eðlilegt slit sé bætt af þeim er spjöllum valda.

11. gr.

Í félagsheimilinu ber að hlíta ákvæðum gildandi áfengislaga og lögreglusamþykktar. Heimilt er hússtjórn að banna aðgang þeim sem þessi ákvæði brjóta að hennar mati.

12. gr.

Reglur þessar sem settar eru með skírskotun til 8. greinar laga nr. 107/1970 um félagsheimili, öðlast gildi 1. janúar 1986 að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Reykjavík, 20. nóvember 1985.

Sverrir Hermannsson.

Reynir G. Karlsson.